

Aðalfundur 2026

Tillögur

Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn Lánasjóðsins leggur til að á árinu 2026 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2025 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að starfskjarastefna Lánasjóðsins standi óbreytt.

Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

Stjórn leggur til að laun stjórnar og undirnefnda hennar standi óbreytt eins og samþykkt var á aðalfundi 2025.

„Lagt er til að stjórnarlaun hjá Lánasjóðnum verði kr. 220.448 fyrir hvern mánuð og taki breytingum miðað við launavísitölu 1. janúar n.k. Laun varaformanns verða 1,25-föld mánaðarlaun stjórnarmanna og laun formanns verða 1,5-föld mánaðarlaun stjórnarmanna. Varamenn í stjórn skulu fá laun fyrir hvern setinn fund, sem eru jöfn mánaðarlaunum stjórnarmanns.“

Tillaga um endurskoðanda

„Árið 2022 var KPMG ráðið sem endurskoðandi Lánasjóðsins til 5 ára. Ekki er heimilt að segja upp samningnum, nema sérstakar ástæður kalli á það. Stjórn leggur til að samningurinn standi óhaggaður.“

Tillaga um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Stjórn leggur til að Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri Þróunarsviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, verði skipuð áfram í endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins sem utanaðkomandi aðili.